

Sp.

533. Tillaga til þingsályktunar

[249. mál]

um eflingu bændaskólans á Hólum í Hjaltadal.

Flm.: Pálmi Jónsson, Stefán Valgeirsson, Páll Pétursson, Lárus Jónsson,
Ragnar Arnalds, Ingvar Gíslason, Ólafur B. Óskarsson, Ingi Tryggvason,
Bragi Sigurjónsson, Jón G. Sólnes, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd til þess að gera áætlun um eflingu bændaskólans á Hólum í Hjaltadal. Skal áætlunin við það miðuð, að með framkvæmd hennar megi minnst á myndarlegan hátt aldarafmælis skólans árið 1982.

Stefnt verði að því, að nefndin ljúki störfum eigi síðar en innan 12 mánaða.

Greinargerð.

Á Búnaðarþingi 1976 var samþykkt ályktun um eflingu bændaskólans á Hólum í Hjaltadal, sem er efnislega í samræmi við þá tillögu, sem hér er flutt.

Ályktun þessi ásamt greinargerð er prentuð hér með sem fylgiskjal. Flm. þessarar þingsályktunartillögu þykir við hæfi að veita þessu máli aukna áherslu með því að flytja það inn á Alþingi í trausti þess, að einnig þar fái það brautargengi.

Bændaskólinn á Hólum hóf starfsemi sína árið 1882. Það ár var eitt hið harðasta á þeirri öld og áratugurinn í heild frá 1880—90 mesta harðaristímabil, sem yfir landið hefur gengið síðan móðuharðindunum lauk. Á þeim árum jaðraði oft við bjargarskort fyrir fólk og fénað og er þá vægt til orða tekið. Þröngir kostir þessara ára megnuðu ekki að drepa í dróma framsýni og þrautseigju þeirra, sem hófu skólastarfið og þokuðu því smám saman til aukins þroska. Rík ástæða er til að minnst þeirra með virðingu, sem af litlum efnum lyftu Grettistaki.

Hólaskóli hefur alla stund verið virt menntastofnun og má vera kappsmál okkar nútíðarmanna og ekki síst norðlendinga, að vegur hans fari ekki minnkandi. Hlýhugur og þakklæti til skólans mun ríkjandi hjá flestum þeirra, sem þar hafa stundað nám, eða að öðru leyti haft kynni af því starfi, sem þar hefur verið unnið.

Hólastaður, saga hans og reisin að fornu og nýju, á sér ekki síður djúpar rætur í hugum norðlendinga og fjölda annarra landsmanna. „Heim að Hólum“ er enn sagt í heilum héruðum norðanlands. Þessi málvenja segir lengri sögu en mörg orð.

Með þessari tillögu er lagt til að landbúnaðarráðherra skipi nefnd til að gera áætlun um eflingu bændaskólans á Hólum og sé við það miðuð, að með framkvæmd þeirrar áætlunar megi minnst á myndarlegan hátt aldarafmælis skólans. Þótt sex ár séu þangað til skólinn verður 100 ára, er ekki seinna vænna að hefja gerð slíkrar áætlunar, og er því lagt til, að nefndin hraði störfum og ljúki þeim innan árs. Verkefni á sviði uppbyggingar skólasetursins eru næg og getur þurft að vinna þau í áföngum. Það verður starf nefndarinnar að velja þau verkefni og meta hvernig að skuli unnið, en það er von flm., að það starf megi bera þann ávöxt, að Hólaskóli geti á árinu 1982 horft til nýrrar aldar með efdum þrótti og fullri sæmd.

Fylgiskjal.

Ályktun Búnaðarþings 1976 um erindi Hjartar E. Þórarinsson o. fl. um eflingu bændaskólans á Hólum í Hjaltadal.

Búnaðarþing beinir því til landbúnaðarráðherra, að hann láti gera áætlun um alhliða eflingu bændaskólans á Hólum í Hjaltadal. Sé áætlunin við það miðuð, að framkvæmd hennar sé lokið, þegar skólinn á 100 ára afmæli árið 1982.

Árið 1882, „árið, sem ekkert sumar kom á Norðurlandi“, hóf bændaskólinn á Hólum í Hjaltadal göngu sína. Kjarkur og bjartsýni þeirra manna, sem hrundu því

hugsjónamáli í framkvæmd, eins og þá var háttað högum þjóðarinnar, er í sannleika aðdáunarverð. Fá íslenskir bændur, og þó öðrum fremur norðlendingar, seint fullþakkað það framtak, sem svo giftusamlega tókst til, að skólinn hefur komist klakklautst yfir alla erfiðleika til þessa dags og er nú einn elsti starfandi skóli landsins.

Ekki er því að leyna, að nokkuð skortir á, að nægilega vel hafi verið að Hóla-skóla búið af hálfu ríkisvaldsins um framlög til viðhalds og uppbyggingar skóla-setursins. Að margra álitum er skólinn of lítill að húsakosti og nemendafjölda. Af því leiðir, að mannaflí til kennslu, félagsstarfs og annarra nauðsynja margs konar er alls ónógur, til þess að staðurinn megi rísa undir þeim kröfum, sem til hans verður að gera vegna samtíðar og sögu. Þá skortir mikið á, að útihús skólabúsins séu viðunandi og samboðin slíkum stað, og hitaveita er draumur, sem forráðamenn heima á Hólum hafa alið með sér um nokkurt skeið.

Maklegt væri að minnst aldarafmælis skólans árið 1982 með myndarlegu, vel skipulögðu átaki til eflingar hans. Til þess, að slíkt megi gerast í viðráðanlegum áföngum, er ekki seinna vænna að hefjast handa um gerð áætlunar.